

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1326  
komudagur 14.3.2006

Miðhúsum 8. mars 2006.

Nefndasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn og athugasemdir Landssamtaka skógareigenda (LSE) við frumvarp til laga um landshlutaverkefni í skógrækt, þingskjal nr. 809. 555 mál. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafafélagi í 2005 - 2006**

1. Landssamtök skógareigenda fagna framkomnu frumvarpi og telja að með því sé stigið stórt skref til samræmingar á milli landshluta í skógrækt og mörg ákvæði í fyrri lögum einfölduð og önnur skýrð frekar.
2. Landssamtök skógareigenda vilja leggja til breytingu við 9. grein frumvarpsins. Þar komi viðbót sem orðist svo ;  
**Landssamtök skógareigenda eru viðurkennd heildarsamtök skógareigenda í landinu. Allt að 2% af árlegum ríkisframlögum til landshlutabundnu skógræktarverkefnanna renni til félagslegrar uppbyggingar og til undirbúnings úrvinnslu skógarafurða á vegum Landssamtaka skógareigenda**

9. gr. grein hljóði svo í heild sinni eftir breytingar:

**9. gr.  
Þátttaka í kostnaði.**

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði hvers landshlutaverkefnis greiðist með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið. Landshlutaverkefnin greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða þau allt að 97% af samþykktum kostnaði við skógrækt.

**Landssamtök skógareigenda eru viðurkennd heildarsamtök skógareigenda í landinu. Allt að 2% af árlegum ríkisframlögum til landshlutabundnu skógræktarverkefnanna renni til félagslegrar uppbyggingar og til undirbúnings úrvinnslu skógarafurða á vegum Landssamtaka skógareigenda**

**Greinargerð:**

Það eru 16 ár síðan fyrstu löggin um skógræktarverkefni voru samþykkt, en það voru Héraðsskógalögin. Síðan hafa aðrir landshlutar fengið sín verkefni, og í dag eru 760 býli með þinglýsta samninga inn í skógræktarverkefnunum. Bændur eru orðnir stærstu framkvæmdaraðilar í skógrækt í landinu og þörfin fyrir félagsuppbyggingu og hagsmunagæslu er því mjög brýn. Landssamtök skógareigenda voru stofnuð 1995 og hafa reynt að sjá um þessa uppbyggingu. Rétt er að taka fram að sú vinna hefur verið unnin í sjálfboðavinnu frá upphafi

Með stóraukinni skógrækt í landinu undanfarin ár er komið að grisjun á stórum svæðum og er það mjög brýnt að hefja úrvinnsluþáttinn sem fyrst og byggja upp atvinnustarfsmeni í kringum hann um leið og efnið verður tiltækt. Það mun renna styrkari stoðum undir þessa nýju búgrein og efla byggð í dreifbýlinu ef öll hringrásin verður með frá upphafi. Landssamtök skógareigenda hafa þegar hafið undirbúning að þessari uppbyggingu, og hyggja á enn frekari sókn fyrir umbjóðendur sína.

Stjórn LSE leggur mikla áherslu á að þessi mikilvægi þáttur verði hafður með inn í nýju frumvarpi um landshlutaverkefnið í skógrækt.

Fyrir hönd Landssamtaka skógareigenda



Edda Kr. Björnsdóttir formaður (Sign)

Miðhúsum

700 Fljótsdalshéraðs